

# KIRKJUGARÐARÁÐ

14. fundur haldinn 10. nóvember 2003  
kl. 14:00 í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir skrifstofustjóri og formaður ráðsins, Smári Sigurðsson, fulltrúi Kirkjuþings, Þórsteinn Ragnarsson forstjóri KGRP, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, sem ritaði fundargerð, Valtýr Valtýsson oddviti, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs. Margrét Hallgrímsdóttir hafði boðað forföll.

**Gestur:** Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt sem sat hluta fundarins.

## 1. Setning fundar

Ragnhildur Benediktsdóttir formaður setti fundinn og bauð Einar velkominn.

## 2. Kynning á skipulagi kirkjugarðanna á Stað við Grindavík og á Torfastöðum

Einar sýndi myndir af uppdráttum og framkvæmdum við þessa tvo garða og gerði grein fyrir því sem gert hefur verið sl. ár. Fram kom að kirkjujarðir hafa verið seldar án þess að minnst hafi verið á kirkjuhús og kirkjugarða. Kirkjugarðaráð þarf að senda ráðuneytunum ábendingu um að setja kvaðir um aðgengi að gördum og hugsanlega stækkun garða. Guðmundur þakkaði Einari fyrir fróðlega kynningu. Einar vék af fundi.

## 3. Uppkast að bréfi til sóknarnefnda vegna lögboðinna verkefna

Lagt fram uppkast að bréfi til sóknarnefnda þar sem gerð var grein fyrir lögboðnum verkefnum þeirra sem lúta að kirkjugörðum. Ákveðið að lesa yfir á milli funda og senda síðan út.

## 4. Næsti fundur

Næsti fundur 8. desember kl. 14:00. Þá koma sveitarstjórnarmenn til að ræða samskipti sveitarfélaga og kirkjugarða.

## 5. Önnur mál:

- Þórsteinn sagði frá beiðni skólayfirvalda um að gera Hólavallagarð að grenndar-skógi (verkefnið "Lesið í skóginn,."). Fundarmenn töldu slíkt samstarf mjög jákvætt.
- Margrét Hallgrímsdóttur hefur óskað eftir að Kristín Huld Sigurðardóttir fái að sitja fundi ráðsins ásamt henni. Ákveðið að ræða þetta nánar við Margréti og Kristínu Huld.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:05.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir, form.

---

Margrét Hallgrímsdóttir, ritari